


Sagan um Ólympíuleikana



Björg Vigfúsína Kjartansdóttir 2004

Halló krakkar ég heiti
Leó. Mig langar að segja
ykkur frá
Ólympíuleikunum.



Þeir byrjuðu nefnilega fyrir
mörgum öldum. Það er
sagt að 7 öldum áður en
Jesús fæddist hafi
fyrstu Ólympíuleikarnir verið haldnir.

Þá voru fremstu íþróttamenn úr mörgum
borgum á Grikklandi sendir til borgarinnar
Ólympíu til að taka þátt í íþróttamóti.

Þar var líka haldin trúar hátíð til heiðurs
Seifi sem var æðsti guðinn í trú Grikkja.



Mynd af
guðinum Seif



Ólympíuleikarnir breyttust smám saman og keppt var í fleiri greinum eins og glímu, hnefaleikum, kringlukasti, spjótkesti, langstökki og kappakstri fereykisvagna.

Það kom alltaf margt fólk á Ólympíuleikana en þeir voru íþróttamót, trúar hátíð og markaður



Oft var ósætti á milli
borganna í Grikklandi
En alltaf þegar
leikarnir voru hættu
Grikkirnir að rífast á
meðan á leikunum stóð.

Stundum leystu þeir rifrildið á
Ólympíuleikunum.

Það má segja að friðarboðskapur
olympíuhreyfingar í dag eigi rætur sínar
að rekja til þessa tíma.

Ólympíuleikarnir voru síðan bannaðir í nokkur ár eða frá 394 eftir að Jesú fæddist af því að verið var að heiðra guðinn Seif, heiðna trú. Það þótti ekki viðeigandi þar sem fólk trúði nú á Jesú krist.




Ólympíuleikarnir
lifnuðu aftur í
lok 19. aldar.

Það var nefnilega franskur barón sem hét **Pierre de Coubertin** sem sá að það væri sniðugt að endurvekja Ólympíuleikana.



Hérna er mynd af Baróninum





Það voru ekki allir sammála Coubertin að endurvekja Ólympíuleikana en það tókst að lokum hjá honum. Fólki frá nokkrum öðrum löndum fannst þetta góð hugmynd og samþykktu þau að taka þátt í leikunum.

Af því að Coubertin fékk hugmyndina um að endurvekja leikana er hann kallaður faðir Ólympíuleikanna.

Ástæðan fyrir að **Coubertin** vildi hafa Ólympíuleika var að hann vissi að íþróttir væru mikilvægar fyrir börn og fullorðna

Baróninn Pierre de Coubertin sagði einu sinni:

„Á Ólympíuleikum er sigurinn ekki það mikilvægasta heldur þátttakan“.

Og hann sagði líka:

“Það mikilvægasta er ekki að hafa sigrað heldur að hafa staðið sig vel“.



Ég átti eftir að segja ykkur að Kjörorð Ólympíuleikanna er hraðar, hærra og sterkar.



Þegar Ólympíuleikarnir byrja er alltaf setningarathöfn. Þá ganga þátttakendur allra þjóða undir nafnspjaldi og þjóðfána inn á völinn.

Grikkir koma fyrstir í virðingarskyni við sögulegan uppruna leikanna, gestgjafarnir síðastir og aðrar þjóðir koma þar á milli í stafrófsröð.

Síðan eru haldnar ræður og tilkynt að leikarnir séu byrjaðir.

Næst er Ólympíufáninn borinn einn hring á leikvanginum og svo er hann dreginn að húni. Og um leið er Ólympíuóðurinn leikinn.

Þar á eftir er skotið þremur fallbyssuskotum og þúsund dúfum sleppt sem tákni um frið.

Ólympíueldurinn er tendraður og Ólympíueiðurinn svarinn.

Þjóðsöngur landsins sem leikarnir fara fram á er leikinn og að lokum eru skemmtiatriði að hætti gestgjafanna. Þegar allt þetta er búið er hægt að byrja að keppa.



Sáuð þið í sjónvarpinu setningar athöfnina, þegar allt fólkið kom inn á leikana?

Úff ég varð bara þreyttur það voru svo margar þarna og margar þjóðir...



Vitið þið hvað
þetta er?
Þessir hringir á
myndinni?



Já, þetta er Ólympíufáninn.
Hringirnir á fánanum eru tákni fyrir
sameiningu 5 heimsálfna á Ólympíuleikum þ.e.
Ástralíu, Afríku, Ameríku, Asíu og Evrópu.

Hringirnir eru fimm blár, svartur, rauður,
gulur og grænn sem skarast og liggja á
hvítum bakgrunni. Því er haldið fram að
litirnir séu valdir af því að einn þessara lita
sé að finna í fána hverrar þjóðar.

Hvíti bakgrunnurinn táknar friðinn sem ríkir
á Ólympíuleikum.

Ólympíufáninn var hannaður af baróninum
sem ég sagði ykkur frá áðan honum Pierre de
Coubertin.

Ég verð líka að segja ykkur frá Ólympíueldinum



Það er nefnilega alltaf tundraður eldur á meðan á leikunum stendur munið þið þegar ég sagði ykkur frá setningar athöfninni. Þá sagði ég ykkur að það væri kveikt á eldi. Eldurinn er kallaður ólympíukyndill. Það er kveikt á honum í borginni Ólympíu með geisla sólarinnar. Síðan hlaupa íþróttagarpar með eldinn í kyndlinum á milli landa, alla leið í landið sem heldur Ólympíuleikana. Þar lifir eldurinn þangað til að slökkt er á honum á loka athöfn leikanna.

Í eldgamla daga var líka eldur sem haldið var lifandi allt árið um kring við altari gyðjunnar Heru.





Það ganga þátttakendur frá hverri þjóð inn á leikvanginn, en samt ekki fleiri en sex.

Dregnir eru þrjár fánar að húni.

Fyrst er settur upp fáni gestgjafarþjóðar, þá fáni komandi gestgjafarþjóðar og að lokum fáni Grikklands og um leið eru þjóðsöngvar þjóðanna leiknir.

Leikunum er lýst lokið og æska heimsins er hvött til að koma saman að nýju að fjórum árum liðnum. Leikarnir eru nefnilega haldnir á 4 ára fresti.

Síðan er Ólympíueldurinn slökktur og Ólympíufáninn dreginn niður.

Í lok athafnarinnar er fimm fallbyssuskotum skotið og þátttakendur ganga af vellinum. Síðast er svo skemmtiatriði sem gestgjafar þjóðarinnar sína.

Vissir þú að það eru vetrar Ólympíuleikar og sumar Ólympíuleikar á fjögurra ára fresti, þannig að það eru leikar á tveggja ára fresti?



Geisp...
Ég er orðin svo þreyttur þetta er svo löng saga.